

Námsáætlun fyrir dönsku - 10. bekkur
skólaárið 2019 – 2020



Kennari: Íris Dröfn Halldórsdóttir

Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið
Hlustun	Að nemendur geti: <ul style="list-style-type: none">- tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms- og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt,- án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr- hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.
Lesskilningur	Að nemendur geti: <ul style="list-style-type: none">- aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.- lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.- lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.
Ritun	Að nemendur geti: <ul style="list-style-type: none">- skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega.

	<ul style="list-style-type: none"> - skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við. - tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu. - leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín.
Samskipti	<p>Að nemendur geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á mótí upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum. - tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.
Frásögn	<p>Að nemendur geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum. - flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðlaust og af nokkru öryggi. - samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.
Menningarlæsi	<p>Að nemendur geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni. - sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma. - getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska, færeyska, skoska, ameríska.

<p>Námshæfni</p>	<p>Að nemendur geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða. - beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf. - nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi. - unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja. - nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.
<p>Námsgögn: Tak lesbók og vinnubók (klára einn kafla), Smil lesbók og vinnubók (valin verkefni) og Ekko lesbók og vinnubók A og B (valin verkefni), Grammatik 1, Léttlestrarbækur, danskir sjónvarpsþættir/kvikmyndir.</p>	
<p>Kennsluhættir/leiðir: Unnið verður markvísst með les- og vinnubækur, hljóðbækur og netmiðla. Lögð verður áhersla á að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til tungumálsins með fjölbreyttum kennsluáðferðum. Nemendur vinna bæði munnleg og skrifleg verkefni og lögð er mikil áhersla á málfræði (sérstaklega sagnir), orðaforða og að nemendur geti tjáð sig um það sem snertir þá persónulega eða áhugasvið þeirra á dönsku. Nemendur munu vinna hópverkefni og einstaklingsverkefni.</p>	
<p>Námsmat: Sagnapróf, kaflapróf, hlustunarverkefni, þemavinna í hópum, munnlegt próf, orðaforðaverkefni.</p>	
<p>Lokanámsmat: Einkunnir gefnar með A, B+, B, C+, C eða D</p>	